

Re: Act Red - Listahátíð

Til : Guja Sandholt <guja@artfest.is>; Ólöf Breiðfjörð
Frá : Vigdís Jakobsdóttir <vigdis@artfest.is>
CC : Fjóla Dögg Sverrisdóttir <fjola@artfest.is>
Heiti : Re: Act Red - Listahátíð
Málsnúmer : 2008671
Málsaðili : Garðabær
Skráð dags : 07.02.2022 13:02:09
Höfundur : Vigdís Jakobsdóttir <vigdis@artfest.is>
Viðhengi : [image002.gif](#)
[image001.gif](#)

Sæl kæra Ólöf.

Það væri stórskemmtilegt að geta boðið upp á þetta glæsilega götuleikhús í Garðabæ.

Við værum aldrei að fara fram á að þið borguðuð mjög mikið í atriðinu. Þau eru að koma hvort sem er og heildarkostnaðurinn við þessar þrjár sýningar hleypur á þó nokkrum milljónum þegar allt er talið. En það væri gott ef við gætum komið okkur saman um málamyndabókun - til dæmis 250 þúsund krónur og Garðabær yrði þar með samstarfsaðili í verkefninu og skilgreindur sem slíkur í kynningarefni.

Þessi hópur er mjög sveigjanlegur og þægilegur í samstarfi. Þau bjóða upp á skrúðgöngu/göngu þar sem er stoppað fyrir miðju á einhverju góðu torgi og þurfa líka að enda á góðu opnu svæði. Þetta yrði allt unnið í samráði við ykkur.

Samtals taka rúmlega 20 manns þátt í sýningunni - 10 frá Close-Act og 12-14 sjálfboðaliðar). Þau erum með 5 metra háa fána, hluti hópsins er á stultum með stóra blævængi og svo er hópur trommara sem fylgir.

Mörg þeirra eru á stultum þannig að leiðin þarf að vera nokkuð greið. Þau eru með söngkonu sem kemur fram í nokkurra mínútna atriði í lokin - og hún þarf að ná að vera einhvers staðar í 2 metra hæð eða ofar. (Stundum er hún í krana ef hægt er að redda því - og stundum á einhverjum svölum eða uppi á byggingu). Það eina tæknilega sem þið mynduð þurfa að redda væri hljóðkerfi fyrir sönginn með þráðlausum míkrofón með heyrnatólum (in-ear).

Þessi dagur er laugardagur í hvítasunnu, þannig að það er ákveðin stemmnig þessa helgi.

Við myndum sjá um að auglýsa með ykkur, viðburðurinn yrði hluti af öllu okkar kynningarefni og blásið út sem hluti af glæsilegum opnunardögum hátíðarinnar. Verkefnastjórn myndi að miklu leyti falla okkar megin - í góðu samstarfi við ykkur auðvitað.

Endilega látið okkur vita hvort þið hafið áhuga á að gera þetta með okkur.

Bestu kveðjur,

Vigdís



Vigdís Jakobsdóttir
(hún / she)

Listrænn stjórnandi
Artistic Director & CEO
Reykjavík Arts Festival

T +354 561 2444
M +354 899 0272
listahatid.is

From: Guja Sandholt
Date: Monday, 7 February 2022 at 12:13
To: Ólöf Breiðfjörð
Cc: Vigdís Jakobsdóttir , Fjóla Dögg Sverrisdóttir
Subject: Re: Act Red - Listahátíð

Sæl mín kæra,

Takk fyrir skjót svör. Fjóla og Vigdís eru betur inn í praktísku hliðinni og ætla að heyra í þér, ég bæti þeim við hér í cc

Bestu kveðjur,

Guja

From: Ólöf Breiðfjörð
Date: Thursday, 3 February 2022 at 10:47
To: Guja Sandholt
Subject: RE: Act Red - Listahátíð

Frábærar fréttir Guja!

Hvað mundi þetta atriði kosta okkur og hvað felur það í sér plásslega séð og slíkt?

kv.Ólöf

From: Guja Sandholt
Sent: miðvikudagur, 2. febrúar 2022 16:55
To: Ólöf Breiðfjörð
Subject: Act Red - Listahátíð

Sæl elsku Ólöf.

Mig langaði svo til að fá að kanna hvort þið hjá Garðabæ séuð nokkuð að plana eða undirbúa eitthvað í bænum þann 4. júní? Við hjá Listahátíð (var að byrja þar) erum með svo skemmtilegt [götuleikhúsatriði](#) sem verður á opnuninni okkar þann 3. júní en þann 4. júní erum við að leita að 2 öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem listamennirnir gætu troðið upp, jafnvel í tengslum við einhverja aðra viðburði. Væri gaman að heyra í þér.

Bestu kveðjur,



Guja Sandholt

(hún / she)

Verkefnastjóri
Project Manager
Reykjavík Arts Festival

T +354 561 2444
M +354 694 1166
listahatid.is

--

■
Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.